

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 531 23. desember 1975 um dómsmálagjöld o. fl.****1. gr.**

1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða skiptagjald $1\frac{1}{2}\%$ af öllum eignum búans — þar með talin búshelft maka — án tillits til skulda er á því hvíla.

2. gr.

1. mgr. 21. gr. orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 100 000 kr. eða minni 2 000 kr. og síðan 500 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem umfram er. Skráningargjald fyrir kaupmála skal þó vera 150 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera 75 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal greiða 240 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 103 27. desember 1976, öðlast gildi 31. desember 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

31. desember 1976.

Nr. 431.

REGLUGERÐ**um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.****1. gr.**

Við tollafgreiðslu skal innheimta innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum. Gjaldið skal innheimt af öllum bifreiðum og bifhjólum að undanskildum ökutækjum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

- 87.02.12 Snjóbifreiðar.
- 87.02.43 Sjúkrabifreiðar.
- 87.03.01 Slókkviliðsbifreiðar.
- 87.03.02 Snjóplógar.
- 87.03.03 Kranabifreiðar.
- 87.03.09 Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.
- 87.09.01 Bifhjól með sprengirými til og með 50 cm³.

Fella skal niður eða lækka innflutningsgjald af bifreiðum til öryrkja sem njóta tollvinnana. Um niðurfellingu eða lækku gjaldsins skal farið svo sem fyrir er mælt í 4. og 5. másl. 1. mgr. 27. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.